

í bæinn mánuði eptir uppbóðið, þá eru mótmæli áfrýjandans gegn lögmati eignar- og ábúðar tilkalls hins stefnda til bæjarins ekki á rökum byggð.

Hið sama er að segja um þá mótbáru áfrýjandans, að af fógetagjörðunum sjáist, að honum hafi ekki verið byggt út, því að í fógetagjörðunum segir einmitt með berum orðum, að hlutadeigandi yfirvald hafi fyrir löngu verið búið að gjöra áfrýjandanum aðvart um, að hann yrði að vera fluttur úr bænum fyrir 9. júlímán. f. á. eða 10 dögum áður en útburðargjörðin fór fram.

Samkvæmt því sem að framan er sagt verða mótbárur áfrýjandans gegn lögmati hinnar áfrýjuðu fógetagjörðar ekki teknar til greina, og ber því að staðfesta fógetagjörðina, og eptir þessum úrslitum og þar sem hinn stefndi ekki hefur mætt fyrir yfirdóminum, hlýtur málskostnaður fyrir honum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða fógetagjörð á óröskuð að standa.
Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Mánudaginn 9. febrúarmán.

Nr. 31/1879.

Hið opinbera
gegn

Jóni faktor Steffensen.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp á lögregluþingi Reykjavík-urkaupstaðar 31. okt. f. á., er Jón Steffensen, verzlunarstjóri hjer í bænum, dæmdur fyrir óhlýðni gegn yfirvaldskipun í 6 króna sekt til lögreglusjóðs nefnds kaupstaðar, en þeim dómi er eptir ósk hins kærða skotið til yfirdómsins.

Tilfnið til máls þessa er það, að lögreglustjórinn í Reykjavík hafði með auglýsingu 30. sept. f. á. bann-

að bæjarbúum, að við lögðum sektum, að slátra fje eða stórgripum á almannafæri eða opnum svæðum, er snúa út að götum bæjarins, og allstaðar annarstaðar en í portum eða að húsabaki; en daginn eptir ljet hinn kærði, er þó hafði lesið tjeða auglýsingu, slátra allmörgu fje á því nær óumgirtu stakkstæði fyrir norðan verzlunarhús Fischers verzlunar skamt frá götunni, og sinnti ekki áskorun lögreglustjórans um að hætta því. Hinn stefndi hefur viljað afsaka óhlýðni sína gegn þessari yfirvaldskipun með því, að lögreglustjórinn hafi ekki átt með að banna honum að slátra fje á stakkstæði hans, þar sem það ætíð áður hafi verið gjört átölulaust, og að það hefði verið þvínær ókleyft fyrir hann að hlýðnast banninu. En eins og yfirdómurinn verður að álíta, að lögreglustjórinn hafi fullt vald til að gjöra fyrirskipanir, er lúta að því að halda uppi góðri reglu og vel-sæmi á strætum bæjarins og á almannafæri, þannig verður ekki sjeð, að hlutadeigandi lögreglustjóri hafi farið út yfir takmörk þessa embættisvalds síns með því að gefa út bann það, sem hjer um ræðir. Hinn kærði getur því ekki komizt hjá að sæta ábyrgð fyrir óhlýðni sína gegn þessari yfirvaldsskipun, og með því að sekt sú, sem ákveðin er í hjeradsdóminum, virðist hæfileg, ber að staðfesta hann, eins og hinum kærða þá einnig ber að greiða málsfærslulaun til sóknara og svaramanna fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. handa hvorum.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi lögreglurjettardómur á óraskaður að standa. Hinn kærði, Jón verzlunarstjóri Steffensen, greiði í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna

Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.
 Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
 legri birtingu hans undir aðför að lögum,

Mánudaginn 15. marzmán.

Nr. 18/1879

Guðmundur Bjarnason
 gegn

Bæjarfógeta E. Th. Jónassen.

Dómur:

Það eru tildrög þessa máls, að bæjarfógetinn í Reykjavík, sem skiptaráðandi, lét bjóða upp á opinberu uppboðsþingi 10. sept. 1877 eptirlátnar eigur Ástu sál. Guðmundsdóttir á Vegamótum í Reykjavík. Meðal muna þessara var bærinn Vegamót, er búið átti, og varð áfrýjandinn, Guðmundur Bjarnason, hæst bjóðandi að honum fyrir 100 kr. Í uppboðsskilmálum þeim, sem lagðir voru fram við uppboðið, var þess eigi getið, að hinir seldu munir yrðu tilslegnir með skilyrði, en um sölu á bænum í lok uppboðsins var tilfærð svohljóðandi athugasemd:

«Nr. 69, bærinn að Vegamótum, var boðinn upp að geymdum rjetti veðhafanda með því skilyrði, að það væri komið undir samþykki skiptarjettarins, hvort hæsta boð yrði samþykkt eða ekki, og skyldi hlutað-eiganda gefin vitneskja um það frá skiptarjettinum innan hálfis mánaaðar; bauð Guðmundur Bjarnason aðeins 100 kr., en aðrir eigi».

Af því, sem fram er komið í málinu, má sjá, að hinn 24. október 1877 eða 44 dögum eptir uppboðið, hefur sá maður, sem eptir löggildingu hjelt uppboðið fyrir bæjarfógetann, og sem einnig var innkröfumaður á þinu selda við uppboðið, krafið áfrýjandann um andvirði þess, er hann hafði keypt, alls 145 kr. 60 a., að